

Aðalfundur Sjóvá- Almennra trygginga hf. 2020

Fundargerð

Fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn í húsakynnum félagsins að Kringlunni 5, Reykjavík.

Dagskrá fundarins skv. 16. gr. samþykktu félagsins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
 - a. Tillaga stjórnar sem lýtur að breytingu á 4. gr. í tengslum við tillögu stjórnar um lækun hlutafjár.
 - b. Tillaga stjórnar sem lýtur að breytingu á 2. og 3. mgr. 18. gr. í tengslum við störf tilnefningarnefndar
7. Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
10. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
11. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
12. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
13. Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 sem og starfskjarastefna.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Hildur Árnadóttir formaður stjórnar þess og stjórnarmennirnir Heimir V. Haraldsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Erna Gísladóttir. Þá sátu fundinn þau Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Sæmundur Valdimarsson frá endurskoðanda félagsins KPMG.

Formaður stjórnar setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald, hrl. sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf, hdl. sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara auk þess sem mætt var fyrir eigendur 1.023.693.097 hluta í félaginu. Það er eigendur samtals 76,73% hlutafjár í félaginu.

Fundarstjóri gerði þá tillögu að til hagræðis yrðu dagskrárliðir 1 og 2 afgreiddir í samfellu. Engin andmæli voru borin upp við tillöguna og var hún þá samþykkt.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2019

Hildur Árnadóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Hildur fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2019 en hún kvað rekstur Sjóvá hafa verið með besta móti á árinu hvort sem horft væri til váttrygginga- eða fjárfestingastarfsemi. Bætt afkoma váttryggingarekstrar væri afrakstur markvissra aðgerða innan félagsins og í samræmi við langtímaáætlanir um heilbrigða iðgjaldasetningu. Hildur greindi frá því að Sjóvá legði áherslu á að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og því væri ánægjulegt að fyrirtækinu hefði tekist í þrjú ár í röð að vera með ánægðustu viðskiptavinum á váttryggingarmarkaði. Varðandi fjárfestingastarfsemina þá kom fram í máli Hildar að afkoman hefði verið mjög góð á árinu og að flestir flokkar í eignasafni hefðu skilað góðri ávöxtun en þar sem afkoman væri háð sveiflum á verðbréfamörkuðum þá væri mikilvægt að afkoma af váttryggingastarfsemi sé viðunandi.

Hildur fór yfir mikilvægi góðra trygginga fyrir samfélagið og hlutverk félagsins sem væri að standa með viðskiptavinum við krefjandi aðstæður og bæta tjón sem váttryggingarverndin nær yfir. Benti Hildur á að traustur rekstur og efnahagur gerði félaginu kleift að sinna því hlutverki vel auk þess sem starfsfólkið sinnti hlutverkinu eftir fremsta megni við mismunandi aðstæður. Oft reyndi á sérfræðipækkingu starfsfólks hvort sem væri við úrvinnslu tjóna eða til að lágmarka þau.

Greint var frá því að allar tölur sýndu að Sjóvá er í fararbroddi í jafnréttismálum, t.d. væri hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórn jafnt og hlutfall kvenna í stjórn 60%. Þá væri Sjóvá fyrsta skráða félagið á aðallista Nasdaq til að fá einkunnina 10 á hinum svonefnda GEMMAQ kynjakvarða og væri þáttakandi og styrktaraðili í Jafnvægisvoginni, hreyfiaflsverkefni m.a. unnu í samstarfi við FKA og forsætisráðuneytið. Hildur sagði það trú félagsins að fjölbreyttur mannauður hefði jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja, stuðli að betri ákvarðanatöku hvort sem væri í stjórn, framkvæmdastjórn eða annars staðar í starfseminni ásamt því að skila aukinni verðmætasköpun og rekstrarlegum ávinningi.

Bent var á að Sjóvá hefur um árábil verið bakhjarl Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og hluti af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ frá upphafi. Hildur sagði Sjóvá leitast við að verja fjármunum til góðgerðarmála sem styðji við hlutverk og stefnu þess og félagið væri afar stolt af því farsæla samstarfi sem það hafi átt við bæði þessi samtök. Þau fjölbreyttu verkefni sem sjálfbóðaliðar Landsbjargar hafi sinnt í vetur væru ofarlega í huga, hlutverk þeirra væri stórt í íslensku samfélagi og ábyrgð þeirra mikil. Hildur kvað Sjóvá vera þakklátt fyrir þeirra framlag til samfélagsins og að þau tryggi sitt fólk og hagsmuni hjá félaginu.

Hildur greindi frá því að nú birti félagið í fyrsta sinn ófjárhagslegar upplýsingar sem tengjast samfélagsábyrgð, öllu heldur umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum samkvæmt leiðbeiningum Nasdaq. Þá kom fram að Sjóvá ynni í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna þar sem áhersla hefur verið lögð á fimm markmið sem snúa að því hvar við getum haft hvað mest áhrif svo sem varðandi heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, góða atvinna og hagvöxt, ábyrga neyslu og framleiðslu. Það væri yfirlýst stefna félagsins að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið og að það væri trú félagsins að samfélagslega ábyrgur rekstur skili sér í aukinni arðsemi til framtíðar.

Hildur sagði frá því að Sjóvá hefði fengið vottun samkvæmt ISO 27001:2013 staðlinum, stjórnkerfi upplýsingaöryggis og að vottunin væri mikilvæg fyrir félagið og viðskiptavinum því hún staðfesti annars vegar að unnið væri eftir ströngum öryggisreglum í allri meðferð upplýsinga og hins vegar að viðurkenndum stöðlum og starfsaðferðum sé fylgt við meðferð upplýsinga.

Fjallað var um að allt frá skráningu félagsins á markað hefði það verið stefna stjórnar að Sjóvá væri arðgreiðslufélag og að a.m.k. 50% af hagnaði hvers árs yrði greiddur út í arð til hluthafa. Að teknu tilliti til gjaldþols félagsins. Að því sögðu þá greindi Hildur formaður stjórnar frá því að stjórnin teldi rétt að fresta áður framkominni arðgreiðslutillögu í ljósi nýjustu atburða og viðbragða við COVID 19 veirunni. Benti Hildur á að þessi liður yrði ræddur sérstaklega síðar á fundinum og að þá fengju hluthafar tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum að.

Í máli Hildar kom fram að stjórn félagsins leitaði eftir nýrri heimild aðalfundar fyrir kaupum á eigin hlutum með framkvæmd endurkaupaáætlunar á árinu 2020 líkt og undanfarin ár. Markmiðið með endurkaupaáætlun væri líkt og áður að lækka hlutafé félagsins og stuðla að hagkvæmri fjármagnskipan. Þá var sagt frá því að undir lok ársins 2018 hefði félagið tilkynnt um að stefnt skyldi að útgáfu víkjandi skuldabréfa og að í fjárfestakynningu með uppgjöri fyrsta ársfjórðungs ársins 2019 hefði verið tilkynnt að beðið væri álits um skattalega meðferð vaxtagjalda af skuldabréfinu. Nú væri beðið niðurstöðu yfirséðanefndar í sama máli sem væri væntanleg á fyrri árshelmingi þessa árs.

Hildur sagði frá því að sá góði árangur sem hefði náðst í rekstri á árinu 2019 lægi fyrst og fremst í mannauði Sjóvá og ekki síður fyrirtækjamenningunni sem væri með þeim hætti að eftir væri tekið. Fá fyrirtæki á landsvísi mældust með meiri starfsánægju og ef litið væri til þess markaðar sem Sjóvá starfi á þá væri félagið í sérflokki.

Fram kom að Hjördís Harðardóttir stjórnarmaður frá 2014 gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þakkaði Hildur Hjördísi fyrir hennar framlag og gott samstarf innan stjórnar. Þá sagði Hildur að í hennar huga væri efst þakklæti fyrir það traust sem henni var sýnt þegar hún tók við stjórnarformennsku undir lok síðasta árs eftir stutta setu í stjórn. Samstarfið við stjórn og stjórnendur félagsins hafi verið afar gott og ljóst að fagmennska og vönduð vinnubrögð væru í hávegum höfð hjá Sjóvá. Að lokum þakkaði hún starfsmönnum fyrir þeirra framlag, hluthöfum fyrir traust til stjórnar og viðskiptavinum samfylgdina á árinu 2019.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2019 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu. Fyrst minntist Hermann á þá atburði sem hafa átt sér stað frá áramótum. Hann greindi frá starfi áhættunefndar félagsins og að farið hafi verið í hvívetna eftir tilmælum opinberra aðila um aðgerðir. Hvað fjárhagslega þáttinn varðar þá kvað Hermann félagið vel undirbúið, fjárhagslegur styrkur fyrirtækisins væri mikill og áhættan langt innan marka. Að því sögðu þá benti Hermann á að margt væri breytt frá áramótum hvað fjárfestingar varðar og nú ríkti óvissa á mörkuðum.

Hermann sagði frá því að árið 2019 hafi verið hagfelld, afkoma af rekstri félagsins hafi numið 3,9 ma.kr. og að niðurstaðan væri ánægjuleg. Samkvæmt Hermann var iðgjaldavöxtur 14% á milli ára og samsetta hlutfallið 95,1% á árinu 2019 og í takt við birtar horfur. Hermann sagði að félagið væri þar með að ná því yfirlýsta langtíamarkmiði um að afkoma af váttryggingarekstri nemi 95% samsettu hlutfalli. Hermann sagði að á sveiflukenndum fjárfestingamörkuðum hafi það verið markmið

fyrirtækisins að byggja afkomuna ekki um of á fjárfestingatekjum og að váttryggingareksturinn væri sjálfbær. Það hafi Sjóvá nú tekist undanfarna 15 fjórðunga eða allt frá öðrum ársfjórðungi 2016. Árangurinn mætti rekja til markvissra aðgerða hvað varðar iðgjaldasetningu, áhættumat, forvarnir og iðgjaldavöxt. Þessar áherslur hefðu verið unnar í samráði við viðskiptavinum og byggðu fyrst og fremst á því góða sambandi og samskiptum sem við ættum við þá, bæði á fyrirtækjamarkaði og einstaklingsmarkaði. Í þeim samskiptum hefði félagið að leiðarljósi vegvísa þess. Sem dæmi hafi starfsfólk fyrirtækjasviðs lagt á sig mikla vinnu við að heimsækja þá staði og viðskiptavinum sem talist geta í áhættuhópi í þeim tilgangi að fara yfir brunavarnir og aðra áhættuþætti í ljósi tíðra stórbruna undanfarna ár. Hermann greindi frá því að 200 fyrirtæki hafi verið heimsótt á árinu 2019 og að ráðgjafar Sjóvá á einstaklingsmarkaði hafi haft samband við 55 þúsund einstaklinga og/eða fjölskyldur á árinu. Hermann nefndi einnig annað dæmi sem væri ferðaþjónusta hópur sem hefði verið starfræktur innan félagsins og hefði það að markmiði að þjónusta enn betur okkar stærstu atvinnugrein. Það væri gert bæði með beinum hætti í samstarfi við viðskiptavinum og með óbeinum hætti með því að styðja við greinina líkt og þegar gefið var út nýtt Íslandskort á vef Safetravel. Hermann benti á að hér væri um mikið öryggismál væri að ræða bæði fyrir ferðamenn og okkur heimafólk. Hermann kvaðst ekki vera í vafa um það að styrkur félagsins í samskiptum og þjónustu hafi undirbyggt þann jákvæða iðgjaldavöxt sem náðst hafi á árinu, bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.

Greint var frá því að á árinu 2019 væru 25 ár síðan Sjóvá hóf að endurgreiða tjónlausum viðskiptavinum í Stofni hluta iðgjalda sinna og að Stofn væri helsta aðgreining Sjóvá á Íslenskum tryggingamarkaði. Sagt var frá því að á þessum árum hafi rúmlega 70 þúsund fjölskyldur fengið endurgreiðslu. Heildargreiðslur á verðlagi dagsins í dag næmu tæplega 11 milljörðum króna. Þá kvað Hermann um 25 þúsund fjölskyldur hafa verið í Stofni undir lok liðins árs og að Stofninn gæfi okkur færi á að umbuna árlega okkar bestu viðskiptavinum fyrir tryggð og tjónleysi.

Hermann kvað stafræna vegferð félagsins ganga vel og vera lið í að viðhalda og auka ánægju viðskiptavina. Mæta þyrfti þörfum þeirra hverju sinni og að fyrir lægi að notkun rafrænna lausna ykist dag frá degi. Nú færi 65% tilkynnta tjóna fram með rafrænum hætti og 95% af sölu á líf- og sjúkdómatryggingum. Áður fylgdi mikið pappírslóð þessum tryggingum en nú væri það úr sögunni. Hermann benti á að ein birtingarmynd þessarar þróunar væri þær breytingar sem hafi hafa sér stað í samsetningu starfsmanna. Án þess að stöðugildum hafi fjölgað þá hafi bæst í hópinn töluverður hópur hugbúna- og gagnasérfræðinga. Þessi þróun hafi getið af sér enn meiri dreifingu eða fjölbreytni starfsmanna, í starfsaldri, lífaldri og bakgrunn og reynslu.

Hermann sagði að ánægja viðskiptavina félagsins hefði aukist jafn og þétt undanfarna ár og mældist nú sú mesta á meðal viðskiptavina á tryggingamarkaði, þriðja árið í röð og nú með marktækum mun. Hann greindi frá því að afkoma af fjárfestingastarfsemi félagsins hafi verið umfram væntingar á árinu og að ávöxtun af skráðum hlutabréfum og skuldabréfum hafi verið með ágætum. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hafi tekið við sér og viðbrögð við vaxtalækkunum Seðlabanka Íslands hafi ekki látið á sér standa á skuldabréfamarkaði. Hermann benti á að hafa bæri í huga að sú vaxtalækkun sem varð á árinu kæmi til með að hafa áhrif á framtíðar ávöxtunarmöguleika félagsins og því sjaldan verið mikilvægara en nú að tryggja viðunandi framlegð af váttryggingarekstrinum og að þar stæði félagið vel að vígi.

Hermann tók undir þakklæti formanns stjórnar í garð Hjördísar Harðardóttur. Samstarfið við hana undanfarna ár hafi verið afar gott. Einni þakkaði hann stjórninni fyrir mjög gott samstarf og vænti þess

hins sama af nýrri stjórn. Starfsfólki þakkaði Hermann árangursríkt samstarf og metnaðinn til að gera vel í starfi og þjónustu við viðskiptavinum félagsins sem hann þakkaði þeirra viðskipti á árinu og tryggð.

Þá vék Hermann að samstæðuársreikningi Sjóvá- Almennra trygginga fyrir árið 2019 sem var staðfestur af stjórn og forstjóra þann 13. febrúar s.l. Hermann greindi frá því að KMPG hefði staðfest að það teldi að samstæðuársreikningurinn gæfi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar.

Rekstrarreikningur:

Hermann greindi frá því að iðgjöld ársins 2019 voru 20.633 ma.kr. samanborið við 18.16 ma.kr. árið 2018. Hlutur endurtryggjenda var 932 m.kr. og eigin iðgjöld voru 19.701 ma.kr. samanborið við 17.218 ma.kr. árið áður. Hækkun eigin iðgjalda nam 14,4%. Fram kom að afkoma af fjárfestingum var yfir væntingum. Fjárfestingatekjur námu 3.640 ma.kr. og heildartekjur félagsins 23.54 ma.kr. samanborið við 18.14 ma.kr. árið á undan. Tjón ársins 2019 námu 15.239 ma.kr. samanborið við 14.085 ma.kr. árið 2018. Hluti endurtryggjenda í tjónum var 377 m.kr. samanborið við 998 m.kr. árið áður. Hækkun eigin tjóna var 13,6%. Rekstrarkostnaður nam 4.2 ma.kr. árið 2019 samanborið við 4.1 ma.kr. árið áður. Heildargjöld námu 19.1 ma.kr. samanborið við 17.2 árið 2018.

Hagnaður félagsins 2019 fyrir tekjuskatt var 4.410 ma.kr. samanborið við 952 m.kr. árið 2018

Tekjuskattur nam 557 m.kr. og heildarhagnaður félagsins 2019 því 3.853 ma.kr. samanborið við 652 m.kr. árið áður

Efnahagsreikningur:

Þá fór Hermann yfir efnahagsreikning félagsins. Heildareignir félagsins nema tæpum 51 ma.kr. samanborið við tæpa 44,2 árið áður. Rekstarfjármunir félagsins 2019 voru 402 m.kr.

Leigugætt félagsins námu 395 m.kr. Viðskiptavild 244 m.kr. Óefnislegar eignir lækkuðu í 2 m.kr. en voru 2,8 m.kr. Verðbréf félagsins hækkuðu úr 31.35 ma.kr. í 36.55 ma.kr. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka námu 4.54 ma.kr. Hér benti Hermann á skýringar nr. 19 og 20 um flokkun og gagnvirði fjáreigna. Endurtryggingaeignir félagsins 2019 námu 1.42 ma.kr., viðskiptakröfur 6.46 ma.kr. og handbært fé 969 m.kr. Heildar eigið fé 2019 nam samtals 16.29 ma.kr. Hermann sagði gjaldþolshlutfallið 1,67 fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu en 1,48 eftir. Bent var á að vátryggingaskuld félagsins var 27.60 ma.kr., líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka hækkaði í 4.54 ma.kr. úr 3.89 ma.kr. samanborið við árið áður. Leiguskuldir námu 405 m.kr. Skattur til greiðslu vegna 2019 er 556 m.kr. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir 1.59 ma.kr. (svipaðar á milli ára) og skuldir samtals 34.69 ma.kr.

Hermann benti skýringu nr. 3, 4 og 16 og 41 e og 29 og 36 um áhættustýringu félagsins.

Að því búnu opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til Hildar og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar.

Engar frekari spurningar bárust og þá var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri greindi fyrst frá tillögu stjórnar eins og hún var auglýst. Tillagan var á þann veg að greiddur yrði arður sem næmi kr. 1,44 á hlut fyrir rekstrarárið 2019 eða um 1.940 ma.kr. Arðsákvörðunardagur yrði 12. mars 2020 og þar af leiðandi ættu skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2020, sem teldist

arðsréttindadagur, rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag 13. mars 2020 og yrði hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs 26. mars 2020.

Þá óskaði Hildur Árnadóttir stjórnarformaður eftir því að taka til máls en hún greindi frá því að stjórn félagsins legði til að ákvörðun um arðgreiðslu yrði frestað að sinni í ljósi þeirra aðstæðna sem væru uppi í þjóðfélaginu vegna COVID 19 veirunnar. Með því gæfist betri tími til að meta stöðu mála og að taka ákvörðun á traustum grunni.

Í framhaldinu gaf fundarstjóri orðið laust. Til máls tók Árni Hrafn Gunnarsson í umboði Lífeyrissjóðsins Gildis. Árni vildi koma því á framfæri að lífeyrissjóðurinn styddi tillöguna og teldi ákvörðunina skynsamlega og þá aðallega vegna þess að hún gæfi félaginu færi á að skoða málin betur og að endurskoða mætti ákvörðunina seinna ef í ljós kæmi að fjármunanna væri ekki þörf.

Engar frekari umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins hefði lagt fram starfskjarastefnu sem stjórnin legði til að yrði samþykkt. Hún greindi einnig frá því að starfskjarastefnan væri óbreytt frá því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga um lækkun hlutafár vegna kaupa á eigin hlutum

Kynnt var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um lækkun á hlutfé félagsins:

*Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækkun á hlutfé félagsins:
„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 12. mars 2020 samþykkir að hlutfé félagsins verði, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, lækkað um kr. 53.239.211 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutfé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.389.196.763 að nafnverði í kr. 1.335.957.552 að nafnverði.“*

Á fundinum var vísað til greinargerðar stjórnar um tillöguna.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

Tillaga I: „Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækkun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. orðist eftirleiðis svo:

„Hlutfé félagsins er kr. 1.335.957.552 – einn milljarður þrjú hundruð þrjátíu og fimm milljónir níu hundruð fimmtíu og sjö þúsund fimm hundruð fimmtíu og tvær krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga II: „Gerð er tillaga um breytingu á 2. og 3. mgr. 18. gr. samþykkt, sem lúta að störfum tilnefningarnefndar, þannig að 3. málslíður 2. mgr. og 2. til 4. málslíður 3. mgr. verði felldir niður og 2. og 3. mgr. sameinaðar í 2. mgr. 18. gr. sem orðist eftirleiðis svo:

„Eigi síðar en þremur dögum eftir að framboðsfresti lýkur skv. 1. mgr. skal tilnefningarnefnd meta hvort frambjóðandi sé óháður gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Hafa skal leiðbeiningar og reglur um góða stjórnarhætti eins og þær eru á hverjum tíma til hliðsjónar við matið. Í starfsreglum tilnefningarnefndar er kveðið á um hvernig nefndin skuli leggja mat á hæfni frambjóðenda til stjórnar.“

Af þessu leiðir að verði tillagan samþykkt þá breytast núgildandi númer málsgreina 4. til 6. mgr. 18. gr. þannig að þær verða eftirleiðis 3. til 5. mgr. 18. gr.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar

Lögð var fram tillaga um breytingu á lið i) í grein 4.2. í starfsreglum sem lýtur að því hvernig nefndin skuli greina aðalfundi frá því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og hvernig hún skuli rökstyðja tilnefningar sínar. Greinin hljóðar nú svo:

4.2. Helstu verkefni tilnefningarnefndar eru að:

...

„ i) greina frá því á aðalfundi hvernig nefndin hafi hagað störfum og rökstyðja tilnefningar sínar,“

Breytingartillagan var sú að að liður i) í grein 4.2. myndi eftirleiðis hljóða þannig:

„ i) gera skriflega skýrslu til aðalfundar, eða hluthafafundar þar sem stjórnarkjör fer fram, um það hvernig nefndin hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar,“

Vísað var til greinargerðar um tillöguna.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Hólatúni 2, 600 Akureyri.
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ
- Heimir V. Haraldsson, kt. 220455-5999, Hesthömrum 20, 112 Reykjavík
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Funafold 87, 112 Reykjavík.
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík
- Jón Gunnar Borgþórsson, kt. 011157-2629, Úthlíð 13, 105 Reykjavík
- Már Wolfgang Mixa, kt. 060265-5269, Brekkugötu 10, 2210 Hafnarfirði
- Ragnar Karl Gústafsson, kt. 081081-3529, Bugðulæk 2, 105 Reykjavík

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi,
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.

Var fundarmönnum boðið að taka til máls undir þessum lið en enginn kaus að gera það. Þá fór fundarstjóri yfir fyrirkomulag kosninganna og vísaði til 18. gr. samþykktu félagsins í því sambandi. Beindi hún því til fundarins að setja prósentutölurnar á atkvæðaseðilinn þar sem það væri til mikils hagræðis fyrir talningarmenn. Tók fundarstjóri fram að jafnvel þótt menn kysu að gera það ekki þá væru atkvæðin jafn gild.

Að lokinni kosningu var atkvæðaseðlum safnað saman til talningar.

Þá var gengið til næsta dagskrárliðar

9. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins til fimm ára á aðalfundi félagsins 15. mars 2018 og er það í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Samkvæmt sama lagaákvæði verður kjörnum endurskoðanda eingöngu vikið frá innan þess kjörtímabils að fengnu áliti endurskoðendaráðs. Þar sem fimm ára kjörtímabili KPMG er ekki lokið var það tillaga stjórnar að kjör endurskoðanda færi ekki fram að þessu sinni.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Í framboði til setu í þremur sætum í tilnefningarnefnd voru

- Jón Birgir Guðmundsson
- Katrín S. Óladóttir
- Vilborg Lofts

Sjálfkjörið var í tilnefningarnefnd. Fundarstjóri lýsti stjórnarmenn rétt kjörna og óskaði þeim til hamingju

Þá boðaði fundarstjóri örstutt hlé á meðan beðið væri eftir niðurstöðum kosninganna.

8. Kosning stjórnar félagsins frh.

Þá var dagskrárlið 8 framhaldið. Greindi fundarstjóri frá því að eftirtaldir aðilar hefðu verið réttkjörnir í stjórn félagsins:

- Björgólfur Jóhannsson
- Guðmundur Örn Gunnarsson
- Hildur Árnadóttir
- Ingi Jóhann Guðmundsson
- Ingunn Agnes Kro

Ekki þurfti að kjósa um varastjórn þar sem einungis tveir voru í framboði um tvö laus sæti og voru þau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason því sjálfkjörin sem varamenn í stjórn.

Fundarstjóri óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna.

11. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar

Lagt var til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr kr. 370.000 á mánuði í kr. 385.000 á mánuði og að laun stjórnarformanns yrðu tvöföld stjórnarlaun eða kr. 770.000. Hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla kr. 385.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 132.000 fyrir hvern setinn fund.

Lagt var til að þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd yrði kr. 30.000 á mánuði og kr. 40.000 fyrir hvern fund. Fram kom að tillagan væri í samræmi við það sem verið hefur. Lagt var til að formaður fengi 50% álag.

Var fundarmönnum gefinn kostur á að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Arne Vagn Olsen forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs verslunarmanna lagði fram breytingartillögu og las upp greinargerð sem fylgdi tillögunni. Í stuttu máli var lögð fram sú tillaga að laun stjórnarmeðlima yrðu ekki hækkuð umfram 15.000 kr. með vísan til þess að gæta yrði samræmi við það sem um var samið í lífsskjarasamningunum svonefndu þar sem áherslan var á krónutölu hækkan. Þannig yrðu laun stjórnarformanns ekki tvöföld stjórnarlaun heldur 755.000 kr.

Hildur Árnadóttir sagði stjórn félagsins sátta við tillöguna.

Fundarstjóri gaf fleiri fundarmönnum tækifæri til að taka til máls undir þessum dagskrárlið og þá tók til máls Haraldur Yngvi Pétursson frá fagfjárfestapjónustu Arion banka. Hann beindi því til stjórnarformanns hvort ekki væri rétt að fresta hækkan launa stjórnarmanna rétt eins og ákveðið hefði verið að fresta ákvörðun um arðgreiðslu. Hildur Árnadóttir formaður stjórnar svaraði Haraldi í stuttu máli á þann veg að hún teldi það ekki rétt að fresta launagreiðslum. Var Haraldi Yngva boðið að koma í pontu en hann afþakkaði það og tjáði fundarstjóra að ekki væru um formlega tillögu að ræða.

Var breytingartillaga Lífeyrissjóðs Verslunarmanna borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var tillagan borin upp í heild með breytingum og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu en samkvæmt 9. gr. samþykkt félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir. Tillagan hljóðaði svo:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 12. mars 2020 veitir stjórn félagsins heimild, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, til að kaupa allt að 133.595.755 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum

þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist.

Hildur Árnadóttir formaður stjórnar óskaði eftir því að fá orðið. Fyrir hönd stjórnar langaði Hildi til að þakka Heimi V. Haraldssyni fyrir gott samstarf. Greindi Hildur jafnframt frá því að hún hlakki til samstarfsins með nýjum stjórnarmönnum.

Að svo búnu fól fundurinn fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykkt félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:15

Fundarstjóri:

Kristín Edwald
Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:

Ásdís Kjerulf
Ásdís Kjerulf, hdl.